

Stjórnarfundur FEB nr. 493 mánudaginn 26. febrúar 2024 kl. 13:30 að Stangarhyl 4, 110 Reykjavík

Mættir aðalmenn: Sigurður Ágúst Sigurðsson nýkjörinn formaður stjórnar FEB, Árni Gunnarsson, Stefanía Valgeirsdóttir, Ástrún Björk Ágústsdóttir, Guðrún Ósk Jakobsdóttir, Elinóra Inga Sigurðardóttir og Kristinn Eiríksson.

Mættir varamenn: Bessi Jóhannsdóttir og Jón Magnússon (gegnum fjarfundarbúnað)

Boðaði forföll varamaður: Ragnar Árnason

Einnig sat fundinn, Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri FEB

1. Kynning á fundarmönnum

2. Stjórnin skiptir með sér verkum.

a. Varaformaður:

Guðrún Ósk Jakobsdóttir

b. Ritari:

Elinóra Inga Sigurðardóttir

c. Gjaldkeri

Stefanía Valgeirsdóttir

Fram kom tillaga um Ástrúnu Björk Ágústsdóttur sem varaformann en sú tillaga var felld


3. Tilkynning til skattsins um breytingu á stjórn undirrituð af stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra.


4. Önnur mál

- Framkvæmdastjóri minnti á vinnustofu á vegum Velferðaráðs Reykjavíkur-borgar er varðar „Þjónusta við eldra fólk í borginni“ á morgun 27. febrúar þar sem öllum stjórnarmönnum FEB er boðin þátttaka.
- Staðan á Leigufélagi aldraðra lítillaga kynnt og bent á að ákveðin atriði varðandi LA þyrfti að taka fyrir á næsta stjórnarfundum
- Farið var yfir núverandi nefndaskipan og ákveðið að taka fyrir nýja skipan nefnda á næsta stjórnarfundum.
- Hólaberg 84.** Upplýst var að félaginu hafi borist til eyrna að fyrir lægi erindi frá Reykjavíkurborg hjá Sýslumannsembættinu þar sem gerð væri krafa um einhliða breytingu á kvöðum á Hólabergi 84. Við þetta gerði félagið athugasemdir og fékk það síðan staðfest í kjölfar fundar starfsmanna/ sérfræðinga hjá embættinu að afstaða þess væri að kvöðunum yrði ekki breytt án samþykkis FEB og eigenda íbúða í Hólabergi 84.
- Stjórn ákvað að almennt yrðu **stjórnarfundir** haldnir fyrsta þriðjudag í mánuði kl. 13.30, með þeirri undantekningu þó að næstu stjórnarfundur yrði haldinn þriðjudaginn 12. mars og þar næsti þriðjudaginn 9. apríl.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 16:20

Fundarritari: Elinóra Inga Sigurðardóttir


Elinóra Inga Sig.
Ragnar Árnason


Bessi Jóhannsdóttir
Guðrún Ósk Jakobsd.
Árni Gunnarsson
Kristinn Eiríksson